

Aðalfundur Kayakklúbbsins 2019



Skýrsla ferðanefndar

Skýrsla ferðanefndar Kayakklúbbsins Árið 2018

Ferðanefnd 2018 var skipuð: Sveini Muller, Guðna Páli Viktorssyni, Lárusi Guðmundssyni, S.Perlu Thorsteinson og Örlygi Sigurjónssyni. Þá hefur Unnur Eir Arnardóttir gengið til liðs við ferðanefnd.

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipuleggur ferðina, fær nauðsynleg leyfi, t.d. þegar þarf að fara um einkalönd og fá leyfi til að setja upp tjaldbúðir. Gengið er út frá því að hver nefndarmaður taki að sér að skipuleggja að minnsta kosti eina ferð.

Í febrúar var ferðaáætlun sumarsins útbúin. Hætt var við tvo af tólf auglýstum viðburðum á vegum ferðanefndar. Veður setti strik í reikninginn fyrir Jónsmessuferð út í Purkey og ónóg þátttaka reyndist vera í hinn árlega Hörpuróður.

Myndir í skýrsluna eru teknar af:

Guðni Páll Viktorsson
S. Perla Thorsteinsson
Sveinn Axel Sveinsson
Sveinn Muller
Örlygur Sigurjónsson

Fyrir hönd ferðanefndar,
Sveinn Muller.

Pormarinn 2018

Næturróðrar 2018

Umsjón: Örlygur Sigurjónsson

Þrjú næturróðrar voru farnir í næturróðraseríu klúbbsins í september og október 2018 og mættu 10 manns í róðrana þrjá, auk þess sem Friðarsúluróðurinn var á sínum stað 9. okt. Síðasti róður hvarrar seríu endar með tjaldróðri og var að þessu sinni róðið í Viðey í fyrsta sinn og fékk leiðangurinn sá opinbera heitið Pormarinn 2018 til heiðurs Pormari sem röri Brattastraum knálinga þá um sumarið.

Næturróðrarseríur á vegum Ferðanefndar hafa verið fastur liður í dagskrá klúbbsins frá árinu 2014.



Vogar-Keflavík

14. apríl

Umsjón: Sveinn Muller

Róðrarstjóri: Guðni Páll

Níu ræðarar lögðu upp frá höfninni í Vogum. Áður hafði bíl verið plantað við smábátahöfnina í Keflavík. Það hafði verið spáð frekar hvössu dagana á undan en það rættist úr veðrinu. Róið var á sléttum sjó framan af en síðasta hluta leiðarinnar var einhver öldugangur. Tekið var land fyrir neðan Njarðvík og farið í smá kaffipásu. Það sást einn útselur og talsvert af fugli var kominn í björgin. Skemmtileg björg að róa undir, hellar og litríkar bergmyndanir.

Þeir sem réru voru Guðni Páll, Þóra, Kiddi, Gísli K., Sveinn Muller, Þorbergur, Helgi Þór, Þormar og Indriði.



Álftanes-Hafnarfjörður

19. apríl - Sumardagurinn fyrsti

Umsjón: Gísli H. Ferdinandsson

Róðrarstjóri: Sveinn Axel

Það voru sjö ferskir ræðarar sem sjósettu við aðstöðu Sviða á Álftanesi 10:30. Mótvindur var nokkur eða 8-10 m/s, þ.a. róð var með landi inn í Hafnarfjarðarhöfn. Fyrir utan aðstöðu Þyts var tekið stutt kaffistop. Á heimleiðinni var tekin bein stefna á Hlið til að fá sem mest lens. Guðni Páll hélt áfram róðri yfir í Nauthólsvík eða Gróttu, en Lárus, Kolla, Gísli Karls, Hörður, Indriði og Gísli H. F. skoluðu af sér í aðstöðu Sviða. Þrátt fyrir auglýsingar bæði hjá Sviða og Þyts, þá mætti enginn úr þeim félagsskap.

Hörpuróður

3. júní

Umsjón: Sveinn Muller

Hörpuróður féll niður vegna ónógrar þátttöku.


Purkey í Breiðafirði

15-17. júní

Umsjón: Lárus og Guðni Páll

Þetta er í annað sinn á tveimur árum sem gerð er tilraun til að fara út í Purkey. Í bæði skiptin hefur þurft að fella niður ferðina vegna veðurs. Eins og sjá má á þessari mynd var bálhvasst daginn sem leggja átti í hann, svipuð spá var í kortunum daginn eftir ásamt úrkomu.

Þess má geta að Ísland var að spila sinn fyrsta leik á HM í fótbolta þann 16. júní. Náði Ísland 1:1 jafntefli í leiknum á mótí Argentínu, Alfreð Finnbogason skoraði eitt mark og Hannes varði frá Messi.



Breiðafjörður

10.-12. ágúst

Umsjón: Lárus og Guðni Páll

Ferðinni að þessu sinni var heitið í suðureyjar, Öxney, Brokey og fleiri eyjar austan Stykkishólms.

Það voru 9 ræðarar sem mættu í Stykkishólm seinnipart föstudags, allt karlkyns ræðarar sem er nýlunda í þessum ferðum klúbbsins.

Róið var af stað kl 19 í austur átt á móti straum í átt að Öxney, eyjarnar þræddar að norðanverðu til að sleppa við áhrif strauma. Tjöldum slegið upp á sléttum bala í Öxney. Búist var við vindasamri nótt, sem ekki gekk eftir.

Að morgni laugardags voru svæðin norðan Öxneyjar skoðuð – leituð uppi straumspýjur og gengið uppá hóla til að fá yfirsýn yfir þetta frábæra róðrarsvæði. Kvöldið fór svo í hefðbundið matarstúss þar sem menn sátu saman elduðu og ræddu málin.



Sunnudagurinn var tekin snemma og róið heim á leið sunnar en útróðurinn, þar voru margir krefjandi straumar sem voru þveraðir, hádegis stoppið var tekið í Gvendareyjum. Þar við er alræmdur Brattistraumur sem



sögur herma að Steini X og Gummi Breiðdal hafi farið niður í gamla daga, Guðni Páll var ekki sáttur nema þeir sem höfðu áhuga létu sig vaða niður ca. meters háan strauminn sem nokkrir gerðu og gekk það vel og vandræða laust.

Maggi sem er orðinn ansi vel kunnugur á þessu svæði leiddi hópinn um straumana á svæðinu, fyrrnefndan Brattastraum, Mannabana og Stapastraum. Þessi ferð gaf öllum góða þjálfun í að þvera stærri og minni strauma. Í bland við reyndari ræðara voru nýkrýndir 3.stjörnu ræðarar sem voru að standa sig frábærlega á þessu krefjandi róðrarsvæði.



Ræðarar voru Palli Reynis, Sveinn Axel, Gísli Karls, Örlygur, Maggi Sigurjóns, Þormar, Indriði, Guðni og Lárus.

Hvalfjörður

23. september

Umsjón: S. Perla

Róðrarstjóri S. Perla

Það var fámennnt en góðmennt í síðasta róðri ferðanefndar (að undanskildum næturróðrunum). Fimm gallvaskir ræðarar mættu á Miðsand um 9:30 og byrjuðu að hafa sig til. Fengu þeir óvænta heimsókn og reyndist sá mikill senubjófur. Heyrðist allt í einu „meeee“ og sást hvar geit kom hlaupandi til hópsins (greinilega heimalingur) og spígsporaði hún allt í kringum ræðarana er þeir höfðu sig til (sjálfsagt að vonast eftir einhverju góðgæti). Er kom að sjósetningu rétt rúmlega 10:00



fylgdi þessi geit hópnum niður í fjöru og fékk smá flatbrauð að skilnaði sem henni fannst nú heldur „klént“ en það var þó betra en ekkert. Róið var yfir í Geirshólma í blíðskaparviðri og spegilsléttum sjó þar sem örn hóf sig til flugs, tókum því rólega þar án þess þó að nema land. Þaðan var svo þverað beint yfir á Þyrilsnes og fylgdum þar landi fyrir Geirsnesið áður en þverað var yfir í mótvindi upp á 8 m/s að við álitum, en vel gekk að halda hópinn og námum við land innan við Hvítanes. Nesti var snætt í góðri grasbrekku, undir þungbúnum himni í rigningu og regnboga, fljótt skipast hins vegar veður í lofti og áður en nestispásan var úti hafði lægt

verulega. Eftir nestisstopp var róið meðfram landi áður en þverað var á nýjan leik yfir að Þyrilsnesi og þaðan róið sömu leið til baka. Þegar komið var að bryggjunni var róið undir bryggjunni áður en land var numið kl. 13:30. Upp úr krafsinu höfðust einir 13,5 km.

Þessir réru: Maggi B, Friddi, Harpa, Sveinn Muller og Perla.

